



Reykjavíkurborg

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 12. apríl 2021  
R21040070

Borgarráð

### ***Hverafold 25, sala á íbúð 103***

Óskað er eftir heimild borgarráðs til að ganga frá sölu á 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í Hverafold 25 til Félagsbústaða hf. kt. 510497-2799 fyrir krónur 39.950.000.

#### ***Greinargerð:***

Borgarráð fól eignasjóði árið 2017 að kaupa íbúðir sem lið í því að leita tímabundinna lausna til aukningar á félagslegu húsnæði í Reykjavík. Um var að ræða tímabundna ráðstöfun. Íbúðir voru síðan framleigðar til velferðarsviðs en hafa verið í rekstri Félagsbústaða. Félagsbústaðir hafa óskað eftir að eignast nokkrar af þessum íbúðum og er þetta liður í því. Fengið var verðmat tveggja óháðra löggiltra fasteignasala og er söluverð meðaltalsverð verðmata.

Íbúðin er á 1. hæð, 90,1 fermetrar að stærð, fasteignamat krónur 36.350.000, merkt 01-0103 og 03-0106 bílskúr.

Óli Jón Hertervig  
skrifstofustjóri eignaskrifstofu

Hjálagt:  
Verðmat Remax fasteignasölu, dags. 24. mars 2021.  
Verðmat Höfða fasteignasölu, dags. 22. mars 2021.